

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla 2023

Setbergi 6. desember 2023

Skýrsla formanns

Tuttugasta og níunda starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2023.

Veður og vallarmál

Síðastliðinn vetur var óvenju kaldur og hafði mikil áhrif á ástand valla á höfuðborgarsvæðinu. Til að mynda var mikið frost í langan tíma í mars en þá er frostþol grasplöntunnar orðið talsvert minna en það er yfir háveturinn. Frostþolið er mest í nóvember og desember en það minnkar hægt og rólega þegar líður á veturinn. Í febrúar kom heitt tímabil sem leiddi til þess að frostþolið minnkaði enn frekar. Enginn snjór var yfir jörðu þennan langa frostakafla í mars, sem að jafnaði ver plöntuna, þannig að margar grastegundir hreinlega drápust.

Um vorið og framan af sumri gekk síðan erfiðlega að fá þau svæði, sem urðu illa úti, í gang að nýju. Helgaðist það meðal annars af því að frost í jörðu fór niður á allt að 120 cm. dýpi. Það er nánast óþekkt hér á höfuðborgarsvæðinu. Þegar svo háttar kæliir klakinn jarðveginn neðan frá og kemur í veg fyrir grósku.

Þrátt fyrir það slapp völlurinn ótrúlega vel frá þessum vetri og komu flatirnar að mestu óskaddaðar undan vetrinum. Ein helsta ástæðan fyrir því að okkar flatir voru í betra ástandi en flatir annars staðar er líklegast samsetning á grastegundum í flötunum. Þær grastegundir sem eru ríkjandi í okkar flötum eru annars vegar hálíngresi (*Agrostis capillaris*, e. brown top bent) og hins vegar vinglar, og þá helst rauðvinglar (*Festuca rubra* ssp.). Þessar tegundir eru mjög frostþolnar og þola mikinn þurrk. Við sáum það í flötunum hjá okkur að þessar tegundir lifðu af en aðrar, eins og varparsveifgras (*Poa annua*), drápust. Nokkrir slíkir blettir sjást þó á flötunum hjá okkur og þá sérstaklega í fyrstu og fimmtu flötinni. Þær skemmdir höfðu þó lítil áhrif.

Ástæður þess að við erum með svo hátt hlutfall af svo ákjósanlegum grasplöntum í flötunum eru margvíslegar. Fyrst og fremst er það rétt umhirða. Mikilvægt er að vera með nákvæma áburðargjöf og gæta að því að vökva ekki of mikið. Of mikil áburðargjöf og vökvun býr til aðstæður fyrir varparsveifgras til þess að dafna. Við höfum í einu og öllu fylgt þeirri áætlun sem lagt er upp með til þess að halda uppi hlutfalli þessara ákjósanlegu grastegunda. Jafnframt þarf að valta flatir og sanda reglulega en með því skapast betri aðstæður fyrir grasið og líkur á uppsöfnun á þæfi minnka.

Til þess að ná og viðhalda þessu hlutfalli þarf oft að sitja á sér og sleppa því að freista þess að ná fram skjótum bata á skemmdum svæðum. Til að mynda var ákveðið að sá ekki í svæði á flötum sem voru skemmd eftir að varparsveifgras var farið að spíra til þess að auka ekki líkur á því að sú grastegund næði fótfestu í flötunum. Enn fremur var ákveðið að auka ekki áburðargjöf á sömu forsendum. Undir lok sumars voru þessi svæði í flötunum búin að loka sér með hálíngresi og rauðvingli.

Eftirfarandi myndir voru teknar af flötunum undir lok júlí. Myndin til vinstri er af sjöundu flötinni og á henni má sjá hátt hlutfall af vinglum og þá helst rauðvingli. Á myndinni til hægri sem er tekin af skemmd á fyrstu flötinni má sjá hvernig skemmdu svæðin voru. Þessi svæði náðu líkt og að framan greinir að loka sér fyrir haustið.



Völlurinn var, þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður síðastliðinn vetur, í ótrúlega góðu ástandi í sumar. Grasið á nokkrum teigum drapst en þegar líða tók á sumarið höfðu þeir jafnað sig.

Opnað var inn á sumarflatir fyrir félaga í klúbbnum talsvert á undan öðrum klúbbum í kringum okkur.

Veðrið í sumar var mjög gott og margir frábærir golfdagar. Flatirnar eru í mjög góðu ástandi þegar þetta er ritað og ættu að verða með besta móti næsta vor.

Klúbburinn sá um alla umhirðu á vellinum.

Árlegur hreinsunardagur var haldinn í maí. Þetta er mikilvægur dagur og margt sem klárast þegar svo stór hópur hjálpar til.



Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu

Endurnýjaður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf.

Haldið var áfram að vinna með svokallaða MLSN kenningu í áburðarmálum, líkt og gert hefur verið síðastliðin ár og áður er vikið að, og aðeins borin á þau efni sem nauðsynlega þarf. Áfram var unnið í að halda mosavexti í flötunum í skefjum með því að úða járnsúlfati á flatirnar.

Umhirðan á flötum vallarins skiptir öllu máli. Hvenær og hversu mikið borið er á flatirnar, hvenær sandi er dreift yfir, hvernig vélar eru stilltar og hvernig flatir eru valtaðar og slegnar eru allt atriði sem skipta sköpum um gæði flatanna. Við leggjum höfuðáherslu á öll þessi atriði og teljum að flatirnar á Setbergsvelli séu í hæsta gæðaflokki.

Rannsóknarboranir á vellinum

Vegagerðin framkvæmdi rannsóknarboranir á vellinum vegna verkefnisins *Reykjanesbraut – Álftanesvegur – Lækjargata*. Boraðar voru nokkrar kjarnaholur og holur með loftbor. Vegagerðin er að kanna möguleika á því að gera jarðgöng undir Setbergshverfið til þess að minnka álag á gatnakerfinu í Hafnarfirði. Ekki liggur fyrir hvort að farið verður í þessa framkvæmd. Talsverðar skemmdir urðu á vellinum vegna framkvæmdarinnar sem dróst fram á vorið. Að einhverju leyti eru þessar skemmdir afturkræfar, svo sem á svæðinu fyrir framan fjórðu flöt og á veginum yfir níundu braut. Við vonumst til þess að þau svæði verði komin í ásættanlegt horf næsta sumar.

Við áttum ágætt samstarf við Vegagerðina og verktaka vegna þessarar framkvæmdar og það verður spennandi að fylgjast með hvað verður.

Myndir af loftbor á þriðju braut og svæðinu sem skemmdist fyrir framan fjórðu flötina:



Vélar, tæki og framkvæmdir

Kaup á vélum, tækjum og fleira

Eftirtalin tæki voru keypt á árinu:

- Tíu sláttuvélmenni til þess að slá brautir og karga.
- Spreyjari til þess að úða áburði á flatir.
- Golfbílar til þess að leigja út á vellinum, sem voru keyptir á kaupleigu.
- Einn gamall golfbíll fyrir starfsmenn úti á velli.



Fjögur sláttuvélmenni voru tekin í notkun í sumar. Slógu þau þriðju, fjórðu, sjöttu, sjöundu og áttundu braut og hluta af níundu braut. Reynslan af þessum tækjum var það góð að ákveðið var að festa kaup á sex tækjum í viðbót til þess að slá aðrar brautir á vellinum og hluta af karga. Tækin slógu brautirnar mjög vel og eru þær alltaf nýslegnar. Enn fremur minnkar þetta notkun á eldsneyti og dregur úr útblæstri á koltvísýringi.

Golfskálinn og æfingasvæðið

Svæðið við eldhúsgáminn var stækkað, veggur hlaðinn og hellulagt. Aðgengi að æfingasvæðinu var breytt og er það ekki lengur í gegnum pallinn við skálann.

Göngustígar

Lagt var nýtt efni á göngustíginn frá fjórðu flöt yfir á sjöttu braut ásamt því að efnið var lagt yfir veginn að klósettinu við sjötta teiginn. Malbikunarstöðin Höfði útvegaði efnið, sem kemur virkilega vel út. Við kunnum Malbikunarstöðinni, Herði Gunnarssyni og Hauki Guðmundssyni bestu þakkir fyrir þessa framkvæmd. Vonandi verður hægt að leggja sambærilegt efni á göngustíginn á annarri braut á næsta ári.



Það var mikið um að vera þegar efnið var lagt út. Tvær vélhjólörur, valtari og tvær gröfur. Framkvæmdin tókst vel og spennandi að sjá hvort efnið haldist á sínum á stað í vetur og þá sérstaklega í brekkunni niður fimmtu brautina sem hefur oft verið til vandræða.

Rafstrengir, hleðslustöðvar og mastur

Leggja þurfti samtals um 600 metra af rafmagnsstrengjum í jörðu til hleðslustöðva fyrir sláttuvélmennin. Enn fremur var reist níu metra hátt mastur fyrir GPS sendi sem stýrir sláttuvélmennunum. Sigurður Óli Guðnason sá um smíði á mastrinu og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Rekstur

750 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Hefðbundin dagleg sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður. Líkt og í fyrra höfðuðum við öllum beiðnum um að taka frá rástíma fyrir hópa og fyrirtæki. Aðsókn í mót var svipuð og síðastliðin ár. Samningur við Golfklúbbinn Keili um innheimtu á árgjöldum var endurnýjaður.

Niðurstaða rekstrarins er virkilega góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist. Eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir nema um 74.000.000 kr. og þar af er um 43.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins nam 14.000.000 kr. Klúbburinn greiddi sem fyrr leigu fyrir landið, að fjárhæð um 7.100.000 kr., sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Um 23.000 hringir voru skráðir í Golfbox sem er svipaður fjöldi og árið áður.

Aðgengi að vellinum, reglur um rástímaskráningu og eftirfylgni

Þrátt fyrir að félögum hafi fjölgað frá síðasta ári reyndist mjög auðvelt að fá rástíma á völlinn í sumar. Félagar gátu sem fyrr skráð sig á rástíma með þriggja daga fyrirvara en gestir frá klukkan 22:00 daginn fyrir viðkomandi leikdag. Við viljum halda áfram að tryggja félögum gott aðgengi að vellinum. Talsverður fjöldi hefur óskað eftir inngöngu í klúbbinn og miðað við hversu auðvelt var að fá rástíma í sumar ætti okkur að vera óhætt að fjölga í klúbbum. Ef við sjáum fram á að aðgengi að vellinum verði erfiðara er hægt að takmarka enn frekar sölu á flatargjöldum.

Eitthvað var um það að félagar tækju frá nokkra rástíma og héldu þannig í raun lítið mót, þ.e. með því að skrá féлага á röð rástíma og þrjá gesti með hverjum og einum. Eftir að þetta varð algengara var lokað fyrir að félagar gætu skráð þrjá gesti með sér á rástíma. Útfærslu á þessu þarf að skoða fyrir næsta sumar.

Það er mikið spilað á vellinum hjá okkur og við viljum að allir virði settar reglur og haldi góðum leikhraða. Það er fullt tilefni til þess að auka enn frekar eftirlit með þessu á næsta ári á ákveðnum álagstímum og vera þá með aðila sem sinnir eftirliti út á velli.

Nýliðanámskeið, unglingastarf og golfkennsla

Í sumar var boðið upp á tvö golfleikjanámskeið fyrir krakka. Birkir Þór Baldursson, barna- og nýliðakennari og Guðrún Brá Björgvinsdóttir, afrekskylfingur, höfðu umsjón með námskeiðunum og nutu aðstoðar starfsmanna og féлага í klúbbnum. Guðrún aðstoðaði enn fremur þá krakka sem eru að æfa hjá klúbbnum fyrir utan námskeiðin. Á námskeiðunum var farið yfir sveifluna, stutta spilið, þúttin og helstu golf- og siðareglur. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum.

Í framhaldi af fyrra golfleikjanámskeiðinu var boðið upp á tvær æfingar í viku.



Pétur Gunnarsson, Lovísa Huld Gunnarsdóttir, María Högnadóttir og Sigurást Arnarsdóttir tóku öll þátt í mótaroðum Golfsambands Íslands. Þau hafa öll verið dugleg að æfa og tekið miklum framförum. Við bindum miklar vonir við að þau nái góðum árangri á næstu árum. Vonandi náum við að bæta í hóp þeirra sem eru að æfa markvisst hjá klúbbnum.

Guðjón G. Daníelsson, PGA golfkennari, sá um golfkennslu hjá klúbbnum yfir sumarið. Var hann með nokkur nýliðanámskeið ásamt því að sinna einkakennslu. Guðjón er með aðstöðu í vetur hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar og geta félagar leitað til hans þar.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, þ. á m. meistaramót, bikarkeppni, Opna Setbergsmótið og Opna Vera design kvennamótið. Þá var Bangsamótið haldið í sjötta skiptið en þar leika konur á móti körlum. Annað árið í röð unnu karlarnir og er bangsinn því áfram í bláum fötum.

Innanfélagsmótin hafa að mestu færst yfir í karla- og kvennagolfið enda býðst félögum að taka þátt í innanfélagsmótum nánast vikulega á þeim vettvangi.

Skráningin í meistaramót klúbbsins var talsvert meiri í ár en áður. Þetta mót er hápunktur sumarsins hjá mörgum kylfingum enda ekki amalegt að fá að leika golf í þrjá til fjóra daga með skemmtilegum félögum.

Þessi aukna þátttaka kallar á breytingar á fyrirkomulagi mótsins á næsta ári. Spila þarf mótið á fleiri dögum svo að auðveldara verði að koma öllum að og halda góðum leikhraða. Enn fremur þarf að breyta flokkaskiptingunni í kvennaflokki og hafa hana eins og í karlaflokki.



Klúbbmeistari kvenna varð Lovísa Huld Gunnarsdóttir.

Klúbbmeistari karla varð Hrafn Guðlaugsson.

Bikarmeistari karla varð Árni Kristjánsson.

Bikarmeistari kvenna varð Lovísa Huld Gunnarsdóttir.

Vinavellir

Endurnýjaðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu. Enn fremur var gerður vinavallasamningur við Golfklúbbinn Sandgerði.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófússon, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

Nefndir og fulltrúar

Eftirtaldar nefndir og fulltrúastöður voru svo skipaðar:

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Fríða Björg Leifsdóttir, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinnsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Gunnlaugur Guðjónsson, formaður, Örn Andrésson, Þórarinn Sófússon, Arna Rún Oddsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Hulda Salómons dóttir, formaður, María Ólafsdóttir, Anna Magnea og Helga Birkisdóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Ingvar Ásmundsson, Björn Eysteinnsson, Arna Rún Oddsdóttir og Hrafn Guðlaugsson.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlastarfið:** Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson.
- **Öryggisfulltrúi:** Karl-Johan Brune.
- **Persónuverndarfulltrúi:** Fríða Björg Leifsdóttir.

Hola í höggi

Ragna Ingólfssdóttir (á áttundu holu), Ágúst Már Sigurðsson (á fimmtu holu), Bjarni Gunnar Sveinsson (á fimmtu holu) og Árni Finnsson (á annarri holu) fóru holu í höggi á vellinum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbum Leyni. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Júlíus Hallgrímsson, Helgi Þórisson, Atli Grétarsson, Tryggvi Traustason, Styrmir Guðmundsson og Siggeir Vilhjálmsson. Liðsstjóri var Grétar Agnarsson.

Sveitin náði þeim frábæra árangri að vinna deildina og leikum við því í 1. deild á næsta ári.

Það var virkilega skemmtilegt að fylgjast með keppninni sem var afskaplega spennandi. Úrslitaleikurinn fór í bráðabana þar sem Júlíus Hallgrímsson vann sinn leik á 19. holu.

Á efri myndinni eru þeir sem léku í liðinu.

Á neðri myndinni er liðið ásamt liðsstjóranum með verðlaunin. Á þá mynd vantar Styrmi Guðmundsson.



Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 1. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Sveitina skipuðu Tryggvi Traustason, Sigurður Aðalsteinsson, Ólafur Hreinn Jóhannesson,

Júlíus Hallgrímsson, Gunnsteinn Jónsson, Sigurjón Sigmundsson og Sigurður Óli Guðnason. Grétar Agnarsson var liðsstjóri. Sveitin gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari. Glæsilega gert hjá þeim.



Kvennasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Hornafjarðar. Sveitina skipuðu Elín Reynisdóttir, Ágústa Hera Birgisdóttir, Helga Ívarsdóttir, Kristín Inga Sigvaldadóttir, Hildur Björk Hilmarisdóttir og Sigrún Eir Héðinsdóttir. Elín Reynisdóttir var liðsstjóri. Sveitin endaði í 7. sæti í deildinni.



Starfsmenn klúbbsins

Albert Albertsson, Arnar Árnason, Böðvar Ragnarsson, Ingi Árnason, Grétar Orrason, Pétur Einarsson og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum ásamt verktökum á ákveðnum álagstímum.

Elma Karen Gunnarsdóttir, Hrefna Högnadóttir, Lovísa Huld Gunnarsdóttir, Sigurást Arnarsdóttir og Jakob Skafti Magnússon voru starfsmenn á skrifstofu.

Um rekstur á golfskála sá sem fyrr Sigríður Lilja Samúelsdóttir.

Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar

Á næsta ári stendur til að leggja rafmagn að fleiri hleðslustöðvum fyrir sláttuvélmenni, klára að leggja bundið slitlag á nokkra göngustíga á vellinum, laga æfingasvæðið og bæta aðstöðuna almennt.

Kaupa þarf vinnubíl fyrir starfsmenn á vellinum, laga vélageymslu og kaupa nýjar mottur fyrir æfingasvæðið.

Í fjárfestingaráætlun fyrir næsta ár er meðal annars gert ráð fyrir framangreindum atriðum.

Afmæli klúbbsins á næsta ári

Á næsta ári verða liðin 30 ár frá því að klúbburinn var stofnaður. Það er fullt tilefni til þess að fagna þeim tímamótum. Ákveðið hefur verið að fara í afmælisferð næsta haust en upplýsingar um þá ferð má sjá inn á Allir í GSE á Facebook.

Framtíð Setbergsvallar

Staðan varðandi leigusamning klúbbsins við eigendur landsins sem Setbergsvöllur er á er óbreytt. Klúbburinn hefur völinn á leigu þar til landeigendur fá leyfi til þess að hefja framkvæmdir. Ekki liggur fyrir hvenær það verður. Ekki er búið að vinna skipulag fyrir svæðið.

Við vonumst til þess að fá svæði undir nýjan golfvöll á næstu árum.

Frá kvennanefndinni

Kvennastarfið fór vel af stað árinu. Við byrjuðum í febrúar að bjóða upp á þúttæfingar hjá GKG einu sinni í viku. Sumarið fór vel af stað og voru konur duglegar að mæta á mánudögum. Fjölgun var í klúbbnum og voru nýjar konur ánægðar með tímana okkar á mánudögum. Aðeins vantar upp á að konur setjist niður og fái sér að borða í skálanum eftir spil og spjalli.

Við heimsóttum vinkonur okkar í Hveragerði í júlí og buðum þeim svo til okkar og tókst það mjög vel.

Einnig hafði stjórn kvenna í GKG samband og óskuðu eftir að hitta konur í Setbergi. Það tókst ljómandi vel og verður vonandi framhald á því samstarfi.

Lokahófið hjá okkur var í skálanum og spilað var golf, borðað saman á eftir og héldum við svo skemmtilegt party á eftir með trúbador og ýmsum skemmtilegum leikjum.

Kærar kveðjur, Hulda Salómons dóttir formaður, María Ólafsdóttir gjaldkeri og Anna Magnea og Helga Birkisdóttir meðstjórnendur.

Frá karlanefndinni

Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson voru áfram í stjórn karlastarfs klúbbsins en þeir Brynjar Ingólfsson og Þórhallur Stefánsson bættust við. Stjórnin þakkar enn fremur Arnari Björnssyni fyrir aðstoðina í sumar.

Frábær mæting var í karlagolfið eins og áður og um 20-30% aukning í mætingu frá fyrra ári, og oftar en ekki þannig að færri komust að en vildu.

Haldin voru yfir 21 mót á þriðjudögum í sumar en um ýmis konar leikfyrirkomulag var að ræða. Um vorið var sett upp fyrirkomulag móta fyrir sumarið og er stefnt að því að gera slíkt hið sama næsta vor.

Löggð verður áhersla á að láta flest mótin telja til forgjafar og númer eitt að þau seinki ekki leikhraða á vellinum.

Okkur tókst að fá styrktaraðila til þess að gefa verðlaun í nokkur mótanna þar sem veitt voru aukaverðlaun fyrir að vera næst holi, fyrir lengsta upphafshögg o.s.frv.

Uppskeruhátíð var haldin með breyttu sniði föstudaginn 20. október með frábærri mætingu og flottum verðlaunum, sem meðlimir karlastarfsins útveguðu. Mikið fjör þar sem Sigga og Geiri sáu um að elda dýrindis mat ofan í mannskapinn sem Kjarnafæði styrkti karlastarfið um. Skemmtiatriði og glæsilegt happdrætti þar sem meðal annars var lukkuhjól þar sem keppt var um pútturinn sem Brynjar Ingólfsson gaf.

Krýndir voru „birdie kóngar“ hvers mánaðar en menn sem tóku þátt í mótunum gátu tekið þátt í verðlaunapotti og sett nafn sitt í pottinn fyrir hvern fugl sem þeir fengu í mótunum. Dregið var úr nöfnunum í hverjum mánuði. Næsta sumar verður þessu fyrirkomulagi breytt en það verður kynnt betur í vor.

Stefnt er að því enn eitt árið að reyna að fara í vorferð og eru þeir Árni Björn Erlingsson og Sigurður Óli Guðnason búnir að taka að sér að skipuleggja ferðina sem verður vonandi farin að þessu sinni ☺.

Fyrir hönd karlastarfsins, þökkum við kærlega fyrir okkur. Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson.

Að lokum

Sem fyrr var góður andi hjá félagsmönnum og frábært að fá að vera hluti af þeim samheldna hópi sem hefur verið tilbúinn að vinna fyrir klúbbinn í gegnum árin.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson, formaður.

Úrslit móta 2023

Forkeppni bikars – 29. maí

Punktamót - karlar

- | | | | |
|----|-------------------------|---|---------|
| 1. | Hrafn Guðlaugsson | – | 21 pkt. |
| 2. | Sigurður Óli Guðnason | – | 21 pkt. |
| 3. | Sigursveinn Þór Árnason | – | 20 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | | |
|----|------------------------|---|---------|
| 1. | María Högnadóttir | – | 19 pkt. |
| 2. | Björg Ýr Jóhannsdóttir | – | 18 pkt. |
| 3. | Guðný Ósk Hauksdóttir | – | 17 pkt. |

Jónsmessa – 26. júní - Setbergsscramble

1. Einar Páll Guðmundsson, Árni Finnsson og Sigrún Eir Héðinsdóttir - 61 högg.
2. Smári Vífilsson, Gísli Ólafsson, Lára Halldórsdóttir og Högni Friðþjófsson - 62 högg.
3. Þorsteinn Erik Geirsson, Karl L. Viggósson, Ingibjörg Ragnarsdóttir og Steingrímur Ólason - 62 högg.

Opna Vera Design – 1. júlí

A-flokkur

- | | | | | |
|----|-----------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Íris Dögg Sigurðardóttir | GS | – | 41 pkt. |
| 2. | Sigurást Júlía Arnarsdóttir | GSE | – | 38 pkt. |
| 3. | Guðný Fanney Friðriksdóttir | GO | – | 37 pkt. |

B-flokkur

- | | | | | |
|----|-----------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Ása Sif Arnarsdóttir | GG | – | 41 pkt. |
| 2. | Sylvía B. Gústafsdóttir | GR | – | 38 pkt. |
| 3. | Kristín Inga Sigvaldadóttir | GSE | – | 36 pkt. |

Meistaramót GSE – 4. – 8. júlí



72 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | | |
|----|---------------------|---|-----------|
| 1. | Hrafn Guðlaugsson | – | 287 högg. |
| 2. | Atli Már Grétarsson | – | 292 högg. |
| 3. | Siggeir Vilhjálmsen | – | 304 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | | |
|----|-----------------------|---|-----------|
| 1. | Sigurjón Sigmundsson | – | 331 högg. |
| 2. | Högni Friðþjófsson | – | 347 högg. |
| 3. | Fannar Már Jóhannsson | – | 348 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | | |
|----|-----------------------|---|-----------|
| 1. | Baldvin Haraldsson | – | 357 högg. |
| 2. | Gunnar Óli Gústafsson | – | 360 högg. |
| 3. | Albert Guðmundsson | – | 368 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | | |
|----|-------------------------|---|-----------|
| 1. | Kristinn Þ. Guðlaugsson | – | 355 högg. |
| 2. | Hlynur Freyr Birgisson | – | 357 högg. |
| 3. | Guðmundur Jóhannsson | – | 362 högg. |

Fjórflokkur karla - punktar

- | | | | |
|----|--------------------|---|----------|
| 1. | Stefán Magnússon | – | 144 pkt. |
| 2. | Árni Kristjánsson | – | 141 pkt. |
| 3. | Magnús Sigmundsson | – | 136 pkt. |

Fimmti flokkur karla - punktar

- | | | | |
|----|---------------------|---|---------|
| 1. | Pétur Gunnarsson | – | 93 pkt. |
| 2. | Jóhann Björgvinsson | – | 85 pkt. |
| 3. | Haraldur Jónasson | – | 74 pkt. |

Kvennaflokkur - höggleikur

- | | | | |
|----|---------------------------|---|-----------|
| 1. | Lovísa Huld Gunnarsdóttir | – | 335 högg. |
| 2. | Stefanía Arnarsdóttir | – | 376 högg. |
| 3. | Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 381 högg. |

Kvennaflokkur – 4 dagar - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|----------|
| 1. Elísabet Gunnarsdóttir | – | 128 pkt. |
| 2. Erla Eiríksdóttir | – | 111 pkt. |
| 3. Sigríður Þorkelsdóttir | – | 105 pkt. |

Kvennaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | |
|-----------------------------|---|----------|
| 1. Anna Bára Teitsdóttir | – | 110 pkt. |
| 2. Björg Ýr Jóhannsdóttir | – | 105 pkt. |
| 3. Hulda S. Salómundsdóttir | – | 99 pkt. |

Öldungaflokkur – karlar - 3 dagar - punktar

- | | | |
|-----------------------------|---|----------|
| 1. Karl Johan Brune | – | 114 pkt. |
| 2. Sigurður Ben Guðmundsson | – | 104 pkt. |
| 3. Guðni Bergur Einarsson | – | 99 pkt. |

Opna Setbergsmótið – 7. ágúst*Punktar*

- | | |
|--------------------------------|-----------|
| 1. Gunnar Svavarsson | – 43 pkt. |
| 2. Helgi Birkir Þórisson | – 42 pkt. |
| 3. Andrés Þórarinsson | – 41 pkt. |
| 4. Hlynur Freyr Birgisson | – 41 pkt. |
| 5. Sigurást Júlía Arnarsdóttir | – 41 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | |
|------------------------------|-----------|
| 1. Ólafur Hreinn Jóhannesson | – 69 högg |
|------------------------------|-----------|

Fótboltamótið – 15. ágúst*Texas scramble*

Karl Johan Brune og Sigurður Ben Guðmundsson unnu mótið á samtals 9 undir pari með forgjöf. Þeir léku fyrir Exeter City FC.

**Bangsamótið – 3. september**

Karlarnir unnu og er bangsinn því í áfram **bláum** fötum næsta árið.

Bændaglíma – 7. október - Setbergsscramble

Sigurvegarnir

Fyrsta sæti:

Annað sæti:



Þriðja sæti:



Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld innheimt hjá GK	51.455.824	42.607.520
Tekjur af sölu vallargjalda	13.077.249	12.704.263
Tekjur af æfingasvæði	1.151.500	593.000
Styrkir og framlög	1.810.000	2.310.000
Tekjur af mótum	1.230.000	1.562.000
Golfbílaleiga	458.000	0
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	973.339	766.027
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	52.004	70.426
Vaxtatekjur	1.600.746	406.478
Unglinganámskeið	200.000	0
Vörusala	1.500.000	1.800.000
Rekstrartekjur samtals	73.508.662	62.819.714

Rekstrargjöld:		
Aðkeypt þjónusta	1.544.650	1.799.870
Félagaskattur GSÍ	4.062.000	3.433.322
Sveitakeppni karla og kvenna	859.908	557.779
Verðlaun í mót - umsjón	548.783	411.540
Kostnaður v/stjórnar nefnda	176.636	135.364
Innheimtukostnaður	164.674	69.654
Leiga á landi	7.118.800	6.508.800
Leiga á geymsluhúsnæði	3.300.000	2.500.000
Leiga á vélum / landi	750.000	750.000
Laun og launatengd gjöld	21.055.834	19.031.877
Viðhald og rekstur vallar	2.596.726	2.844.833
Viðhald og rekstur véla	3.230.270	3.108.407
Rekstur skála	4.098.963	2.772.256
Vörur	1.363.432	1.250.645
Stækkun golfskáli-vélageymsla-ræsishús	0	988.304
Ræsing og umsjón	1.246.000	1.290.912
Afskriftir	4.555.437	3.556.378
Unglingastarf	419.940	613.560
Boltar og mottur	655.878	1.392.840
Vökvunarkerfi	0	295.572
Leiga á golfbílum	608.000	0
Uppsetning róбота	989.498	0
Ýmis kostnaður	158.099	252.381
Rekstrargjöld samtals	59.503.528	53.564.294

Hagnaður ársins	14.005.134	9.255.420
------------------------	-------------------	------------------

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2023

Eignir	2023	2022
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	55.000	55.000
Golfbíll	22.500	22.500
Sláttuvélar 2012	75.000	75.000
Æfingasvæði / malbikun	200.000	400.000
Ræsishús 2014	50.000	100.000
Brautarsláttuvél 2014	450.000	450.000
Boltavél	76.800	102.400
Gámur 2015	101.680	101.680
Gámar, vélar og tæki	976.500	1.255.500
Röfsláttuvél 2019	4.851.273	5.733.322
Sturtuvagn 2019	241.500	289.800
WC - hús 2019	175.000	210.000
Flatarsláttuvél 2020	2.272.948	2.597.655
Vinnu golfbíll 2020	1.171.800	1.339.200
Sandari 2020	770.832	880.950
Stækkun golfskáli 2020	3.200.000	3.600.000
Ræsishús 2020	1.050.000	1.200.000
Vélagæymsla 2020	1.050.000	1.200.000
Teigavél	240.000	270.000
Flatarsláttuvél	400.000	450.000
Dráttarvél m/ámoksturstækjum	1.869.412	2.136.470
Teigavél 2021	2.710.010	3.097.154
Róbotar 2023	7.092.258	0
Spreyari 2023	1.899.273	0
Fastafjármunir samtals	31.001.785	25.566.633

Veltufjármunir:

Banka innistæður Íslandsbanki	37.145.735	20.169.055
Banka innistæður Landsbankinn	4.510.255	12.916.953
Veltufjármunir samtals:	41.655.990	33.086.008
Eignir alls	72.657.775	58.652.641

Skuldir og Eigið fé

Eigið fé

Eigið fé flutt frá fyrra ári	58.652.641	49.397.222
Hagnaður	14.005.134	9.255.420
	0	0
Eigið fé samtals	72.657.775	58.652.641

Skuldir

Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	72.657.775	58.652.641

Setbergi 5. desember 2023

Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Örn Andrésson

Einar Sigurðsson

Áritun skoðunarmanna og gjaldkera.

Höfum yfirfarið ársreikning (efnahags- og rekstrarreikningur) fyrir Golfklúbbinn Setberg vegna ársins 2023 og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Pétur Einarsson, gjaldkeri.

Örn Andrésson og Einar Sigurðsson, skoðunarmenn.

Gjaldkeri og skoðunarmenn staðfesta framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2023, rekstrarreikningi frá 1. desember 2022 til 30. nóvember 2023 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn klúbbsins staðfestir framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Hafnarfirði, 6. desember 2023

Högni Friðþjófsson	Formaður
Pétur Einarsson	Gjaldkeri
Þórarinn Sófusson	Varaformaður
Sigrún Eir Héðinsdóttir	Ritari
Elín Reynisdóttir	Meðstjórnandi
Fríða Björg Leifsdóttir	Meðstjórnandi
Karl Ísleifsson	Meðstjórnandi

Undirritunarsíða

ársskýrsla GSE
Högni Friðþjófsson

ársskýrsla GSE
Þórarinn Karl Sófusson

ársskýrsla GSE
Karl Ísleifsson

ársskýrsla GSE
Sigrún Eir Héðinsdóttir

ársskýrsla GSE
Elín Reynisdóttir

ársskýrsla GSE
Fríða Björg Leifsdóttir

ársskýrsla GSE
Einar Sigurðsson

ársskýrsla GSE
Örn Andrésson

ársskýrsla GSE
Pétur Einarsson